

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

213. FUNDUR.

213. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 14. mars árið 2013 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá fundarins sem 5. dagskrárlið 6. og 7. fundargerðir Ungmennaráðs og sem 6. dagskrárlið „siðareglur sveitarstjórnar“. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

Fundargerðir nefnda:

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

Fundargerð 780. fundar frá 18. febrúar s.l. Fundargerð í 6 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 781. fundar frá 25. febrúar s.l. Fundargerð í 10 liðum.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna 2. dagskrárliðar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir, að fenginni tillögu Skúla Þórðarsonar, sveitarstjóra, Leó Arnar Þorleifssonar, oddvita og Elínar R. Líndal, sveitarstjórnarmanns, að ráða Sigurbjart Halldórsson í starf sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs frá og með 18. mars nk.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 782. fundar frá 4. mars s.l. Fundargerð í 9 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 783. fundar frá 11. mars s.l. Fundargerð í 6 liðum. Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna 1. dagskrárliðar.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðar reglur Hitaveitu Húnaþings vestra um ráðstöfun niðurgreiðslna vegna nýrra hitaveitna í dreifbýli í Húnaþingi vestra. Þá felur sveitarstjórn sveitarstjóra, forstöðumanni tæknideildar og oddvita að kynna eigendum fasteigna á mögulegri lagnaleið hitaveitu frá Ósi að Gauksmýri áætlaðan framkvæmdakostnað, innheimtu heimæðargjalds o.fl. í tengslum við þá framkvæmd.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 134. fundar frá 27. febrúar s.l. Fundargerð í 3 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð landbúnaðarráðs, formaður kynnti.

Fundargerð 118. fundar frá 27. febrúar s.l. Fundargerð í 2 liðum.

Fram lögð eftirfarandi tillaga vegna 1. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra tekur undir framkomið álit fulltrúa landbúnaðarráðs og fjallskilastjórna um að notkun vélknúinna ökutækja á afréttum og sameiginlegum upprekstrarlöndum í Húnaþingi vestra sé nauðsynleg við fjallskil á tilteknum afmörkuðum svæðum. Einnig er tekið undir nauðsyn þess að takmarka notkun þeirra eins og frekast er unnt og þess verði sérstaklega gætt að notkun ökutækjanna valdi ekki skemmdum á gróðurþekju.“
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fram lögð eftirfarandi tillaga vegna 2. dagskrárliðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra mótmælir harðlega ákvörðun um að á árinu 2013 verði engum fjármunum varið til viðhalds sauðfjárveikivarnargirðinga á landinu. Það er álit sveitarstjórnar Húnaþings vestra að með þessari ráðstöfun sé áratuga starfi tengt vörnum við útbreiðslu búfjárjúkdóma stefnt í mikla tvísýnu sem kunni að hafa ófyrirsjáanlegar og kostnaðarsamar afleiðingar í för með sér. Verði ákvörðun þessari ekki breytt og fjármunir til viðhalds girðinganna tryggðir nú þegar af hlutaðeigandi stjórnvöldum er lífsafkomu bænda ógnað vegna hættu á útbreiðslu alvarlegra búfjárjúkdóma og er ábyrgð þeirra sem í hlut eiga því mikil. Sveitarstjórn Húnaþings vestra tekur heilshugar undir ályktun Búnaðarþings 2013 þar sem þungum áhyggjum er lýst af sama tilefni og hér um ræðir. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda álit sveitarstjórnar til Matvælastofnunar, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Atvinnuveganefndar Alþingis og Alþingisþingmanna Norðvesturkjördæmis.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 219. fundar frá 7. mars s.l. Fundargerð í 7 liðum.

Fram lögð eftirfarandi tillaga vegna 7a. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir breytt deiliskipulag fyrir athafnasvæði við Búland á Hvammstanga.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fram lögð eftirfarandi tillaga vegna 7b. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa umfjöllun um drög að skipulags- og matslýsingu vegna gerðar Aðalskipulags fyrir Húnaþing vestra til byggðarráðs.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerðir Ungmennaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 6. fundar frá 4. febrúar s.l. Fundargerð í 5 liðum.
Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 7. fundar frá 11. mars s.l. Fundargerð í 4 liðum.
Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Siðareglur sveitarstjórnar.

Fram lögð eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra felur byggðarráði að vinna drög að siðareglum fyrir sveitarstjórn í samræmi við 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og leggja fyrir afgreiðslu sveitarstjórnarfundar þann 18. apríl nk.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 16:12

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Anna María Elíasdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri.